

## PRESSRELEASE

**CIA.IS - CENTER FOR ICELANDIC ART** er tengiliður íslensks myndlistarsamfélags við alþjóðlegan myndlistarvettvang. CIA.IS rennir stoðum undir samstarf innlendra og erlendra listamanna með það að leiðarljósi að auka hróður íslenskrar myndlistar erlendis.

### Upplýsingar um íslenska myndlist

CIA.IS er vettvangur upplýsinga fyrir íslenska myndlistarmenn, jafnt sem erlenda, sýningastjóra, safnara, blaðamenn og alla þá sem eru áhugasamir um íslenska myndlist. Miðstöð CIA.IS í Hafnarstræti 16 er opin mánudaga til föstudaga á milli kl. 10 og 16. Gestir hafa aðgang að bókasafni og grunnupplýsingum um yfirstandandi sýningar og gefst kostur á frekari innsýn í fjölbreytileika íslenskrar myndlistar í dvd–safni, sem samanstendur af diskum eftir 11 listamenn í senn. Að auki verður erlendum listastofnunum boðið að kynna starfsemi sína með svipuðu formi. Fyrsta verkefnið sem kynnt verður til sögunnar er lothringer13/Spiegel frá Munchen í Þýskalandi.

### [www.cia.is](http://www.cia.is)

Vefsíða [cia.is](http://cia.is) er gluggi inn í íslenskan myndlistarheim. Á síðunni er að finna grunnupplýsingar um öll söfn á landinu, gallerí og aðrar myndlistarstofnanir og -félög. Síðan er tengd við gagnagrunninn [umm.is](http://umm.is), upplýsingavef um íslenska myndlist og myndhöfunda. Að auki er að finna á [cia.is](http://cia.is) allar nauðsynlegar upplýsingar um styrkjakerfi CIA.IS, auk mikilvægra tengla á erlendar síður.

### LIST – Fréttabréf um íslenska myndlist

LIST er veftímarit um íslenska myndlist sem kemur út mánaðarlega. Fyrsta tölublaðið kemur út 14.maí nk.

### Samstarf | Tengslanet | Umræður

CIA.IS vinnur að samvinnuverkefnum með íslenskum og/eða erlendum samstarfsaðilum. Verkefni sem nú standa yfir eru t.d. samstarf við Listahátíð í Reykjavík [Maí – Júní 2005, [www.artfest.is](http://www.artfest.is), samvinna vegna íslenska skálans á Feneyjatvíæringnum í ár, auk þess sem umsjón með íslenska skálanum 2007 verður alfarið á ábyrgð CIA.IS. Í samvinnu við aðrar stofnanir býður CIA.IS erlendum sýningarstjórum, gagnrýnendum, listfræðingum og öðrum fræðimönnum til landsins, kynni fyrir íslenskum myndlistarheimi og færir sérfræðipækkingu hingað með fyrirlestrum eða rannsóknum.

CIA.IS er fyrsti viðkomustaður listamanna og þeirra sem eru áhugasamir um íslenska myndlist. CIA.IS hvetur til umræðna um myndlist, jafnt innlenda sem erlenda.

For more information visit: [www.cia.is](http://www.cia.is)  
or contact us:

Dr. Christian Schoen – Forstöðumaður  
Rebekka S. Ragnarsdóttir – Assistant  
Hafnarstræti 16 | IS - 101 Reykjavík